



Foreldrahandbók Eyrarvalla



Ágætu foreldrar

Um leið og við viljum bjóða barnið ykkar og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt fyrir foreldra að vita.

Leikskólinn Eyrarvellir
Opnunartími: 7:45-16:15
Aðal símanúmer: 477-1485

Aðrir símar

- Leikskólastjóri 477-1460
- Aðstoðarleikskólastjóri 477-1462
- Rjóður - Sérkennslustjóri 477-1451
- Hvammur - Undirbúningur 477-1467
 - Laut - Kaffistofa 477-1469
 - Sjónarhóll 477-1471
 - Sólbakki 477-1478
 - Glaumbær 477-1481
 - Ólátagarður 477-1487
 - Kattholt 477-1490
 - Skarkalagata 477-1492
 - Matthíasarborg 477-1493
 - Saltkráka 477-1498

Netfang: eyrarvellir@skolar.fjardabyggd.is

Heimasíða: <http://www.eyrarvellir.leikskolinn.is>

Leikskólastjóri: Sara Lind Dagbjartsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Jóhanna Smáradóttir

Sérkennslustjóri: Soffía Björgúlfsdóttir

Deildir: Sjónarhóll, Sólbakki, Glaumbær, Ólátagarður, Kattholt, Skarkalagata, Matthíasarborg og Saltkráka

Saga leikskólans

Leikskólastarfsemi í Neskaupstað á sér 50 ára sögu en í upphafi var leikskólinn starfræktur í barnaskólanum yfir sumartímam. Húsnæði Leikskólans Sólvalla var byggt sem fjögurra deilda leikskóli, þ.e. tvær heilsdagsdeildir og tvær hálf dagsdeildir og var þá enginn salur eða annað rými fyrir börnin annað en það sem var inni á deildum. Fyrstu þrjár einingar leikskólans voru teknar í notkun árið 1970 og var leikskólinn aðeins rekinn yfir sumarið en Iðnskólinn notaði skólann yfir veturinn. Einn vetur rak Fjórðungssjúkrahúsið eina deild fyrir sitt starfsfólk en einnig fyrir nokkur fleiri börn. Árið 1974 rekur bærinn leikskólann allt árið. Leikskólinn var allur endurbættur á árunum 1995-1997.

Laus kennslustofa var tekin í notkun í byrjun apríl 2003 og í ágúst 2004 var opnuð deild fyrir elstu börnin á Kirkjumel í Norðfjarðarsveit og varð þá leikskólinn fimm deilda með blönduðum vistunartíma frá 7:45 - 16:15 og hafa deildirnar sameiginlega aðstöðu sem eru salur og listaskáli. Í janúar 2015 var fyrsta skóflustungan tekin að nýjum 8 deilda leikskóla á Neseysi og var hann opnaður í ágúst 2016. Foreldrar, starfsfólk og leikskólabörn fengu tækifæri til að koma með hugmyndir að nafni á nýja leikskólann en 6 manna hópur valdi nafnið úr hugmyndunum. Fékk hann nafnið Eyrarvellir eftir nýja staðnum og gamla leikskólanum.

Starfsfólk leikskólans

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans. Leikskólakennari með deildarábyrgð stýrir starfi á einstökum deildum. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinnur að uppeldisstarfinu með börnunum. Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um öll trúnaðarmál svo og hagi einstakra barna.

Skóladeild/ytri aðstæður

Fræðslunefnd fer með yfirstjórn leikskólanna, fjármál, áætlanagerð og skipulagsmál. Leikskólar Fjarðabyggðar ætla sér að uppfylla ákvæði laga og reglugerðar. Þeir skulu búa börnum öruggt umhverfi og góð uppeldisleg skilyrði undir handleiðslu vel menntaðs starfsfólks. Í leikskólunum skal unnið metnaðarfullt starf í góðri samvinnu við foreldra.

Leikskólaráðgjöf

Ráðgjöf vegna einstakra barna fer fram hjá deildar og/eða leikskólastjórum Eyrarvalla ásamt sérkennslustjóra.

Frávik frá þroska

Sýnist leikskólakennurum að frávik séu í þroska einstakra barna ber þeim að tilkynna það til tengiliða Eyrarvalla, þ.e. til sérkennslustjóra. Þær leita þá til fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og ef er þörf þá er málið tekið fyrir.

Ekkert er gert án samráðs við foreldra.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar - samþætt þjónusta

Skrifstofa Fjarðabyggðar er með aðsetur á Reyðarfirði. Ef foreldrar óska eftir greiningu, fræðslu eða ráðgjöf er bent á að hafa samband við deildarstjóra sem síðan ræðir við tengiliði Eyrarvalla, leikskólastjóra eða sérkennslustjóra.

Samþætt þjónusta í Fjarðabyggð veitir og sinnir:

- Sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla með áherslu á snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda og að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar.
 - Almenna og greinabundna kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta
 - Stuðning við starfsemi skóla
 - Rekstri og umsjón kennslugagnamiðstöðvar
 - Símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf
 - Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra og annarra opinberra aðila
 - Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar
 - Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd leik- og grunnskólalaga
 - Rekstrarlega ráðgjöf fyrir sveitarfélög vegna fræðslumála

Að byrja í leikskóla

Aðlögun er sá tími sem ný börn kynnast kennurum, öðrum börnum og húsakynnum leikskólans. Aðlögun er ekki einungis aðlögun fyrir börnin, heldur einnig tími fyrir foreldra og kennara til þess að kynnast og virða fyrir sér uppeldisaðferðir heima og í leikskólanum. Með góðum aðlögunartíma aukast tengslin á milli foreldra og kennara og þá mun hið sameiginlega uppeldisstarf ganga betur. Í fyrstu er aðlögunin höfð stuttan tíma dagsins og síðan lengd frá degi til dags til þess að börnin fái að kynnast starfsfólki og umhverfi leikskólans hægt og rólega. Einnig getur verið æskilegt að gefa börnunum aðlögunartíma aftur eftir að hafa verið lengi í burtu.



Aðlögun tekur oftast 5 daga, en börnunum er gefinn lengri tími ef þörf krefur. Sömu kennarar fylgja börnunum allan aðlögunartímann. Þessir dagar eru mikilvægir fyrir börnin til að stuðla að vellíðan þeirra í leikskólanum. Foreldrar eru beðnir að sækja börnin snemma fyrstu vikuna eftir aðlögun til þess að koma í veg fyrir að þau verði óörugg. Foreldrar geta alltaf hringt í leikskólann til þess að spyrja um börnin sín og eins munu kennarar hringja í foreldra ef þörf krefur. Deildarstjórar afhenda fyrirkomulag aðlögunar hverju sinni.

Dagskipulag

Mikilvægt er að dagurinn sé eins frá degi til dags, það veitir börnunum öryggi að vita hvað er að gerast í kringum þau. Daglegar venjur eins og matartímar, hvíld, samverustundir og útivera eru fastir liðir í starfsemi leikskólans auk annarrar starfsemi. Mikilvægt er að sækja

ekki börnin á matar- og hvíldartímum nema í samráði við starfsfólk deildarinnar.

Dagskipulag hveurrar deildar er kynnt fyrir foreldrum við upphaf leikskólavalar barna þeirra og hangir síðan uppi á hverri deild.



Upplýsingar til foreldra

Á töflum/útihurðum hjá deildum auk heimasíðu eða lokaðri facebook síðu, er ýmsum upplýsingum komið á framfæri til foreldra og eru þeir beðnir um að fylgjast vel með því sem fram kemur.

Klæðnaður: Börnin þurfa að hafa klæðnað í samræmi við veðurfar og greinilega merktan börnunum. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann, bæði inni- og útiföt sem hægt er að geyma í boxunum fyrir ofan útifatahólfina þeirra. Gott er að hafa í huga að leikskólinn er vinnustaður barnanna og því betra að hafa þau í fötum sem mega verða fyrir hnjaski og eru þægileg. Foreldrar þeirra barna sem nota bleyjur koma með þær í leikskólann en leikskólinn sér fyrir þurrkum.

Fataklefi: Hvert barn á sitt hólf sem er merkt með nafni þess. Foreldrar eru beðnir um að ganga vel frá fötum og skóm barna sinna við upphaf og í lok hvers dags. Ekki er ætlast til að börnin séu með töskur undir fatnað sinn, heldur fær hvert barn plastbox undir aukafötin sín og eru boxin geymd í leikskólanum. Einnig er hægt að geyma útiföt og skó í hólfum barnanna alla virka daga en á föstudögum er nauðsynlegt að tæma bæði hólf og skógrindur svo hægt sé að þrifa vel fataklefa og forstofu leikskólans.

Fjarvistir: Mjög mikilvægt er að foreldrar láti vita um veikindi barnanna og aðra fjarveru með eins miklum fyrirvara og hægt er, t.d. tilfallandi frí eða seinkun á venjubundnum komutíma í leikskólann. Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver annar en þau koma til með að sækja barnið. Viðkomandi aðilar sem ætla að sækja barn í leikskólann þurfa að vera orðnir 12 ára. Þessi atriði eru mikilvæg af öryggisástæðum. Óski foreldrar eftir að börnin taki frí í leikskólanum utan sumarleyfis er það heimilt en gott er að láta deildarstjóra og/eða leikskólastjóra vita.

Óhöpp/slys og tryggingar: Í barnahópnum geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef börnin þurfa aðhlyningu lækni að mati kennara er strax haft samband við foreldra og fara þeir með barnið á heilsugæslu eða til tannlækni. Öll börn í skólum Fjarðabyggðar eru tryggð á meðan þau dvelja þar.

Veikindi: Leikskólar eru ætlaðir frískum börnum. Ef börnin veikjast skulu þau dveljast heima þar til þau hafa verið hitalaus í a.m.k. 1-2 sólahringa og endurheimt þrótt sinn. Þegar börnin koma aftur í leikskólann eftir veikindi geta þau fengið að vera inni í 1 dag ef aðstæður á deildinni leyfa. Hafa foreldrar þá samráð við deildarstjóra barna sinna.

Innivera þegar börnin eru að veikjast eða eru slöpp er ekki leyfð.

Lyfjagjafir í leikskólum ættu í flestum tilfellum að vera óþarfar. Undantekningar frá þessu gætu verið sykursýkis-, astma- og/eða ofnæmislyf. Í slíkum tilvikum er best að ræða við deildarstjóra.

Dvalartímar - dvalarsamningur: Breytilegur dvalartími milli daga er í boði fyrir öll leikskólabörn, að lágmarki 20 tíma dvöl á viku þar sem lágmarksdvöl er 4 stundir á dag alla virka daga. Foreldrar og forsjáraðilar geta skráð börnin sín í sveigjanlega dvöl í upphafi hvernar annar eða síðasta lagi 15. ágúst fyrir haustönn og 15. desember fyrir vorönn. Hægt verður að haga skráningum þannig að dvölin sé mismunandi eftir dögum en þó aldrei meira en 42,5 tímar á viku.

Leikskólagjöld: Leikskólagjöld ber að greiða fyrirfram fyrsta hvers mánaðar og eru þau send inn á heimabanka foreldris. Dragist greiðsla í tvo mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörðun frá leikskólastjóra, að leikskólalássi hafi verið sagt upp og því megi ráðstafa. Foreldrar greiða aðeins fullt gjald fyrir eitt barn í leikskóla, 50% fyrir annað barn og ekkert fyrir þriðja barn. Afslættir reiknast eingöngu af dvalargjöldum.

Dvalargjöld í leikskólanum eru reiknuð mánaðarlega og reiknast út frá dvöl barns miðað við fjölda klst. á mánuði, án skráningardaga.

Gjaldskrá leikskóla má finna inn á heimasíðu Fjarðabyggðar.



Viðbótar vistunargjald á mánuði er umfram almennt vistunargjald fyrir hverjar 15 mínútur á tímabilinu kl 07:45-08:00 munu kosta 10.000 kr.
Hverjar 15 mínútur á tímabilinu 16:00-16:15 munu kosta 5000 kr aukalega.

Einstaklingar sem falla undir tekjuviðmið 0-9.000.000 kr. geta sótt um 50% afslátt af dvalargjöldum, það er af almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga. Fæðisgjald fellur ekki undir.

Sambúðarfólk sem fellur undir tekjuviðmið 0-13.600.000 kr. geta sótt um 50% afslátt af dvalargjöldum það er af almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga. Fæðisgjald fellur ekki þar undir.

Tekjuviðmið miðast við heimili og er miðað við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu 12 mánuði þegar umsókn um leikskólavist er send inn. Endurnýjaðri staðgreiðsluskrá þarf að skila inn til viðkomandi leikskóla fyrir 1. september ár hvert. Tekjuviðmið eru svo endurskoðuð af fjölskyldunefnd.

Sótt er um í gegnum íbúagátt Fjarðabyggðar en þangað er farið með rafrænum skilríkjum. Þar finnið þið tengil sem heitir umsóknir og þar undir sjáið þið umsókn um afslátt af leikskólagjöldum. Þið fyllið út í viðeigandi reiti og skilið inn staðgreiðsluskrá sem hægt er að nálgast inn á mínu síðum hjá skatturinn.is.

Skrifstofa Fjarðabyggðar fer síðan í gegnum umsóknirnar og lætur leikskólana vita hverjir falla undir tekjuviðmiðin.

Ef um veikindi barns er að ræða sem vara í 4 vikur eða lengur er hægt að fella niður leikskólagjöld um helming gegn framvísun læknisvottorðs. Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra verði metin af leikskólastjórum í hvert sinn.

Leikskólagjöld falla niður í sumarfríi barna. Boðið er upp á 4-8 vikur á tímabilinu frá 15. maí - 15. september.

Niðurfelling fæðisgjalda: Ef barn er fjarverandi vegna frís í 10 daga eða meira samfelld er hægt að sækja um niðurfellingu á fæðisgjaldi hjá leikskólastjóra fyrir 20. hvers mánaðar, mánuðinn á undan sem barnið fer í frí.


Ef barn er fjarverandi úr leikskóla í 2 vikur samfelld vegna veikinda geta foreldrar óskað eftir að fá niðurfellingu á fæðisgjaldi þann tíma. Tilkynna þarf fjarveruna vegna veikinda sem er lengur en 2 vikur til leikskólastjóra og verður þá fæðisgjaldið leiðrétt á næsta greiðsluseðli.

Breytingar á dvalartíma og aðstæðum barna: Óski foreldrar eftir breytingum á dvalartíma barns skal fylla út þar til gert eyðublað sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjórum og skila því fyrir 20. hvers mánaðar í mánuðinum á undan sem breytingin þarf að taka gildi. Ekki er alltaf hægt að koma strax til móts við allar óskir foreldra um breytingar.

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s veikindi, fjarveru eða hjúskaparstöðu foreldra, ný heimilisföng, símanúmer eða netföng.

Uppsagnarfrestur: Uppsagnarfrestur á leikskólarými er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Þá þarf að fylla út eyðublað sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjórum og skila því til þeirra. Heimilt er að krefjast eins mánaðar greiðslu hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt.

Skipulags- og námskeiðsdagar leikskólans: Leikskólinn lokar í sex daga ár hvert fyrir utan sumarlokun sem er í 4 vikur. Foreldrar geta tekið börn sín í lengra samfelld sumarfrí við sumarlokunina, þá í 2 eða 4 vikur í viðbót og fá þá leikskólagjaldið fellt niður. Samkvæmt kjarasamningum og samþykktum fræðslunefndar Fjarðabyggðar hafa kennarar rétt á sex skipulags- og námskeiðsdögum á ári. Þessir dagar eru notaðir til funda, fræðslu, námskeiða, í undirbúning fyrir starf í leikskólanum og í endurmat á því starfi sem unnið hefur verið. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með mánaðar fyrirvara.



Starfsmannafundir: Fjórum sinnum á ári (tvisvar á önn) hefst skóladagurinn 10:10 eða lýkur 13:50 vegna starfsmannafund. Skert opnun vegna starfsmannafunda verður tilgreind í skóladagatali hvers skólaárs. Aðrir starfsmannafundir verða á starfsdögum.

Skráningardagar: Skráningardagar geta verið allt að 20 á hverju ári en fyrir hvert skólaár samræma leikskólar Fjarðabyggðar sig um hve margir þeir verða fyrir hvert skólaár. Gjald fyrir hvern skráningardag er 3000 kr. og kemur til viðbótar við dvalargjöld. Foreldrar og forsjáaðilar þurfa að skrá börnin sín á skráningardaga í upphafi hvernna annar eða í síðasta lagi fyrir 15. ágúst fyrir haustönn og 15. desember fyrir vorönn.

Fastir skráningardagar eru alltaf í dymbilviku, kringum jólin og vetrarfrí grunnskólanna í Fjarðabyggð. Hver leikskóli ákvarðar fjóra skráningardaga í viðbót sem eru settir inn í skóladagatal leikskólans.

Karellen: Í leikskólanum er kerfi sem heitir karellen (www.my.karellen.is) Það er upplýsingakerfi fyrir foreldra og starfsfólk þar sem koma upplýsingar um mætingu barnsins, hvernig barnið svaf og borðaði, starfsfólk og foreldrar geta sent skilaboð á milli sín, myndir af barninu og fleira. Í byrjun leikskólagöngu fá foreldrar upplýsingablað um skráningu á síðuna.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun á milli foreldra, barns og kennara. Gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að öllum líði vel. Daglegar upplýsingar um börnin eru mikilvægar til þess tryggja öryggi og skilning því oft geta lítil atvik í lífi barnanna valdið breytingum á hegðun þeirra.

Foreldrar þurfa að fylgja börnum sínum inn á deild til kennara og láta vita þegar þau eru sótt. Þetta er öryggisatriði fyrir börn, foreldra og kennara. Ítrekað er að foreldrar geta alltaf hringt í leikskólann til þess að spyrja um börnin sín og eru þeir velkomnir að taka þátt í því starfi sem þar fer fram í samráði við kennara.

Foreldrasamtöl: Öllum foreldrum er boðið samtal einu sinni á ári. Í þessum samtölum er m.a. rætt um líðan barnanna í leikskólanum, um hæfni þeirra og þroska. Foreldrar jafnt sem kennarar geta hvenær sem er óskað eftir fundi ef þess er óskað.

Foreldraheimsóknir: Foreldrum er alltaf velkomið að kíkja inn á deildar í heimsókn en kennarar og börn leikskólans bjóða foreldrum í skipulagða heimsókn og/eða að taka þátt í starfi þrisvar sinnum á ári; á afmælisdegi leikskólans í september, á degi leikskólans í febrúar og svo á vorsýningu leikskólans í maí ár hvert. Þessir dagar eru settir inn á skóladagatal.



Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Markmið foreldrafélagsins er að efla tengsl foreldra og kennara, auk þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar eru sjálfkrafa félagar um leið og börnin byrja í leikskólanum.

Foreldrafélagssjóður: Foreldrar greiða í sjóð og er innheimt einu sinni á ári. Peningarnir úr þessum sjóði fara beint til barnanna. Þeir eru t.d. notaðir til að standa straum af leiksýningum og ýmsum upþákomum í leikskólanum, í efni fyrir þjálfarkvöldum og svo í útskriftargjafir fyrir elstu börnin.

Ágætu foreldrar, nú hefur leikskólinn og starfsemi hans verið kynnt í stórum dráttum og eflaust hafa margar spurningar vaknað við lesturinn. Því hvetjum við ykkur til að vera dugleg að koma og spyrja ef þið viljið fá nánari skýringar.

Með von um góða samvinnu.

Fyrir hönd kennara Eyrarvalla,

**Sara Lind Dagbjartsdóttir, leikskólastjóri
Jóhanna Smáradóttir, aðstoðarleikskólastjóri**